

Lög

Nr. 13
12. ágúst.

um

aðflutningsgjald af salti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af Guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af hverri smálest salts, sem flutt er til landsins, skal greiða 8 kr. gjald í rikissjóð. Brot úr smálest, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3 gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af saltkaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan lögin gilda fellur niður vörutollur sá, sem nú er á salti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 12. ágúst 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.